

Matís ohf.
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2019
UST201906-071/H.G.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Geysissvæðið

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Matís ohf., dagsett 3. júní 2019, um rannsókn innan Geysissvæðisins.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Fyrirhugað er að sækja hveravatn í fjóra hver í Geysissvæðinu, ásamt sýnum af nærliggjandi jarðvegi og/eða örveruþekjum, til rannsókna á hitaþolnum veirum og hýslum þeirra. Teknir verða allt að 20 l af vatni úr hverjum hver ásamt 1-5 jarðvegs/örveruþekjusýni eða allt að 100 ml fyrir hvert sýni. Samtals sýnafjöldi er því allt að 24. Sýnatakan er vegna Evrópuverkefnisins H2020 Virus-X (1.4.2016 -31.3.2020) en sýni hafa verið sótt í þessa sömu hver í (og fleiri) árin 2016 og 2017 vegna sama verkefnis. Einnig liggja gögn fyrir vegna fyrri rannsókna á svæðinu innan verkefnis Pan-Thermus sem styrkt var af Rannsóknasjóð Rannís (styrknúmer 090251021, styrkár 2009). Saman gefa þessar fyrri rannsóknir yfirsýn yfir bakteríu- og veirufloðu hveranna ásamt því að erfðamengi hitaþolinna veira hafa verið rannsökuð með tilliti til ensíma. Ráðgert er að farið verður í allt að tvær ferðir á tímabilinu júní til september 2019. Ekki er gert ráð fyrir raski á umhverfi og engin efni verða notuð önnur en 70% etanól til sótthreinsunar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að rannsóknin muni hafa jákvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Ekkert óafturkræft rask verður ef gengið verður vel frá sýnatökustöðum. Hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúrufar svæðisins með því að fara með gát um hverasvæðin þannig að það hljótist ekki rask á hverahrúðri eða viðkvæmri flóru svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum á Geysissvæðinu sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Æskilegt er að rannsakendur séu í merktum vestum eða klæðnaði.
- Rannsókn skal fara fram utan þess tíma þegar flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.


Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Valdimar Kristjánsson
Yfirlandvörður